

Lionsklúbbur Ólafsvíkur
Engihlíð 18
355 Ólafsvík

Reykjavík, 29. maí 2024
UST202405-055/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda í Snæfellsjökulþjóðgarði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Lionsklúbbs Ólafsvíkur, dagsett, 7. maí 2024, um leyfi til framkvæmda innan Snæfellsjökulþjóðgarðs.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar. Heimilt er að halda við mannvirkjum sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt eru um leyfi til uppsetningar á tveimur skiltum um sjómenn sem fórust með Svanborgu SH 404 haustið 2001 við Svörtuloft. Fyrri skiltið yrði settur upp um það bil 20-30 metra frá Skálasnagavita. Upprunalega var veitt leyfi fyrir uppsetningu þess 2022 en ekki varð af framkvæmdinni það árið. Hitt skiltið yrði sett upp við strandstað. Skiltin yrðu gerðir úr ryðfrú stáli og í mesta lagi 0,5 fermetrar, ferköntuð og lengri hliðin ekki stærri en 70 cm. Skiltin yrðu festir á hraun með ryðfrúum skrúfum, ein í hverju horni. Ráðgert er að uppsetning skiltana færi fram sumarið 2024 og munu félagar í Lionsklúbbum vinna verkið í sjálfbóðaliðavinnu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Framkvæmd fer fram utan alfaraleiðar svo gestir verða ekki fyrir truflunum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Lionsklúbbi Ólafsvíkur fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu skiltana innan þjóðgarðsins sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu bréfsins til 30. nóvember 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til þjóðgarðsvarðar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Þjóðgarðsverði skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Staðsetning, hönnun og festingar skiltana verði ákveðin í samráði við þjóðgarðsvörð.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang að verki loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald skjaldana.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson
þjóðgarðsvörður